

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/642
komudagur 27.7.2009

Fjárlaganefnd Alþingis
b.t. Guðbjarts Hannessonar
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

13. júlí 2009
Tilvísun: 2009070028

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 9. júlí sl., er varðar beiðni um upplýsingar vegna Landsbanka Íslands hf.

Fjármálaeftirlitið hefur ekki undir höndum upplýsingar um stöðu lánasafna Landsbanka Íslands hf. og mat á þeim.

Hvað varðar upplýsingar um hvort gerðar hafi verið athugasemdir við Icesave af hálfu Fjármálaeftirlitsins telur eftirlitið rétt að rekja forsögu málsins og setja það í samhengi.

EES samningurinn veitir fjármálafyrirtækjum rétt til þess að starfa hvar sem er á evrópska efnahagssvæðinu og velja sjálf hvort starfsemin fer fram í formi dótturfélags eða útibús.

Munurinn á því hvort að útibú eða dótturfélag er valið, felst einkum í því að útibú starfar á grunni starfsleyfis bankans í heimaríkinu á meðan dótturfélag þarf starfsleyfi í því landi sem það starfar (enda fyrirtæki stofnað í því landi).

Starfsemi útibúa er að meginstefnu til undir eftirliti í heimaríki sem hluti af bankanum (móðurfélaginu), en með nokkrum mikilvægum undantekningum, s.s. að eftirlit með lausafjárstöðu útibús er hjá gistiríkinu og gistiríkið fylgist með markaðshegðun (neytendavernd) og hefur almennt heimildir til að grípa til aðgerða telji það ástæðu til vegna almannaheilla. Í skýrslu Kaarlo Jannari segir t.a.m. á bls. 11:

“The host country has legal rights and possibilities to supervise subsidiaries, while branches are under the jurisdiction of the home country with three major exceptions: namely, financial crime, conduct of business rules (customer protection), and liquidity supervision (which is relevant for this report). Consequently, host authorities can supervise branches’ liquidity risks in cooperation with the home regulator.”

Þegar fjármálafyrirtæki hefur starfsemi í útibúi á EES svæði, þarf ekki sérstakt leyfi frá eftirlitsaðila heimaríkis, heldur nægir að senda tilkynningu um að fyrirtækið hyggist nýta rétt sinn.

Mögulegt er að banna stofnun útibús á þeim tíma, ef réttmæt ástæða er til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða viðkomandi fjármálafyrirtækis sé ábótavant. Þannig þurfa bæði skilyrðin um ágalla á stjórnun og fjárhagsstöðu að vera til staðar, á því tímamarki þegar tilkynnt er um nýtingu réttar til að hefja starfsemi í útibúi. Ef slíkar forsendur varðandi stjórnun og fjárhagsstöðu eru ekki til staðar á tíma tilkynningar, framsendir eftirlitsaðili heimaríkis

tilkynninguna til eftirlitsaðila gistiríkis.

Eftir að starfsemi er hafin í útibúi, verða starfsheimildir þess eingöngu þrengdar af hálfu heimaríkis með takmörkun/afturköllun á (heildar)starfsleyfi bankans, byggt á þeim reglum sem um það gilda.

Ekki verður hér farið sérstaklega út í möguleika á að hafa áhrif á starfsemi banka (og þar með útibúa þeirra) með lausafjárreglum, reglum um bindiskyldu eða reglum um greiðslur í tryggingasjóð.

Tilkynningar Landsbankans um innlánastarfsemi í útibúi í Bretlandi og Hollandi voru framsendar til eftirlitsaðila gistiríkja í júlí 2005 og september 2007, í samræmi við hefðbundið vinnulag Fjármálaeftirlitsins, enda engar forsendur til þess að telja stjórnun eða fjárhagsstöðu bankans ábótavant á þeim tíma.

Icesave reikningunum var hleypt af stokkunum í viðkomandi löndum haustið 2006 og vorið 2008 eftir að bankinn hafði verið í töluverðu sambandi við eftirlitsaðila í gistiríkjunum varðandi “vöruna” og fengið frá þeim grænt ljós (neytendavernd). Jafnframt hafði þá Tryggingarsjóður innstæðueigenda á Íslandi gert samstarfssamninga við sambærilega aðila í viðkomandi löndum, af þessu tilefni.

Snemma árs 2007 var sett á laggirnar nefnd til þess að endurskoða lög um Tryggingarsjóð og í nóvember sama ár vakti Fjármálaeftirlitið athygli stjórnvalda á mikilvægi endurskoðunarinnar, enda erlend innlán orðin meirihluti innlána í íslenskum bönkum.

Allt frá því snemma árs 2008 voru stjórnendur Landsbankans hvattir til þess af forsvarsmönnum Fjármálaeftirlitsins að færa innlán í dótturfélag. Engar lagaheimildir vorn til að þvinga slíkt fram. Unnið var að þessari breytingu í Bretlandi, en málið var flókið vegna umfangs þeirra eigna sem þurfti að flytja yfir í dótturfélag (rúm 20% eigna samstæðu bankans), gjaldfellingarákvæða í lánasamningum og svigrúmi til lausafjárstýringar á samstæðugrunni. Í Hollandi hafði umsókn Landsbankans um stofnun dótturfélags verið kynnt fyrir eftirlitsstjórnvöldum, en jafnframt hafði bankinn boðist til að setja upp varasjóð í Hollandi sem hefði getað numið ca. 600 milljónum evra, án þess að málið fengi afgreiðslu hjá hollenskum yfirvöldum.

Beðist er velvirðingar á þeim töfum sem orðið hafa á svari þessu.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Ragnar Hafliðason

Árni Huldar Sveinbjörnsson